

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 228
29. des.

Samgöngumálaráðuneytið, 29. desember 1961.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

229

29. des.

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í kaupstaðnum skv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1948:

1. Aðalbrautir.

Auk þess, sem greint er í auglýsingu nr. 163 frá 1960, hefur verið ákveðinn aðalbrautarréttur á eftirtöldum gatnamótum:

- a) Vegamótum Austurgötu og Linnetsstígs, þannig, að umferð um Austurgötu hefur biðskyldu gagnvart umferð um Linnetsstíg.
- b) Vegamótum Tjarnarbrautar og Mánastígs og Tjarnarbrautar og Arnarhrauns, þannig, að umferð frá Mánastíg og Arnarhrauni hafi biðskyldu gagnvart umferð um Tjarnarbraut.
- c) Vegamótum Hverfisgötu og Tjarnarbrautar, þannig, að umferð um Tjarnarbraut hafi stöðvunarskyldu gagnvart umferð um Hverfisgötu.

2. Takmörkun á bifreiðastöðum.

- a) Bifreiðastöður eru bannaðar á Strandgötu að vestanverðu við götuna frá Vesturgötu að Linnetsstíg og frá Landssímahúsinu að Lækjargötu.
- b) Að austanverðu við Strandgötu eru bifreiðastöður bannaðar milli Linnetsstígs og hússins nr. 27 við Strandgötu.
- c) Að vestanverðu við Strandgötu frá Landssímahúsi að biðstöð strætisvagna við Linnetsstíg eru bifreiðastöður takmarkaðar við 15 mínútur í einu frá klukkan 9—19 virka daga, nema laugardaga frá 9—12. Sama regla gildir að austanverðu við Strandgötu frá húsinu nr. 27 að Lækjargötu.

Auglýsing nr. 163 frá 26. ágúst 1960, um umferð í Hafnarfirði, breytist í samræmi við þetta.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Hafnarfirði, 29. desember 1961.

Björn Sveinbjörnsson,
settur.